



Tillögur að breytingum á samþykktum vegna sameiningar Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs

Sjóðfélagafundur Almenna lífeyrissjóðsins 11. nóvember 2025.

I. Inngangur

Stjórnir Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs hafa skrifað undir samrunasamning sem gerir ráð fyrir því að sjóðirnir tveir sameinist miðað við 1. janúar 2026. Breytingar þær sem lagðar eru til í meðfylgjandi tillögum grundvallast af þeim samningi og eru liður í að koma honum til framkvæmda.

Breytingartillögur koma fram í skjalinu ásamt rökstuðningi við hverja og eina grein. Þar á meðal eru breytingar á heiti sjóðsins, viðbætur við upptalningu þeirra starfsgreina sem eiga aðild að sjóðnum, endurskoðun á ákvæðum um skipan stjórnar, bráðabirgðaákvæði um stjórnarskipan eftir sameiningu, auk afnáms á ákvæði um hámarksatkvæðisrétt sjóðfélaga á ársfundi og sjóðfélagafundi. Jafnframt eru sett fram ný ákvæði um réttindi sjóðfélaga Lífsverks og hvernig staðið verður að flutningi þeirra yfir í sameinaðan sjóð.

Verði breytingartillögurnar samþykktar af sjóðfélögum og staðfestar af ráðherra munu þær taka gildi við sameiningu lífeyrissjóðanna í samræmi við grein 7.2 í samrunasamningi þeirra. Þar er gert ráð fyrir að sameining verði þann 1. janúar 2026. Eftir sameiningu munu samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins gilda fyrir sameinaðan sjóð, en þá undir nýju nafni, samanber tillögu þess efnis.

II. Heiti sameinaðs lífeyrissjóðs

Heiti lífeyrissjóðsins

Núverandi ákvæði

1. grein. Nafn sjóðs, heimili og skipulag

1.1. Heiti sjóðsins er ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

Tillaga að breytingu

1. grein. Nafn sjóðs, heimili og skipulag

1.1. Heiti sjóðsins er ALMENNI – LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

Rökstuðningur

Lagt er til að heiti sjóðsins verði breytt úr Almenni lífeyrissjóðurinn í Almenni–Lífsverk lífeyrissjóður í tengslum við sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs. Breytingin er liður í því að endurspeglar sameininguna með skýrum og sýnilegum hætti í nafni hins sameinaða sjóðs, þannig að fram komi aðkoma beggja sjóða í huga sjóðfélaga og annarra hagsmunaaðila. Nafnbreytingin styður jafnframt við samfellu í rekstri og trausta upplýsingagjöf á aðlögunartímabili sameiningarinnar.

Nafnabreyting mun þó ekki fara fram formlega fyrr en samruninn hefur tekið gildi, skv. grein 7.2 í samrunasamningi aðila, sem að óbreyttu miðast við 1. janúar 2026.

Í framhaldi af sameiningu er stefnt að því að kanna fýsileika nafnabreytingar sem yrði kynnt og borin undir sjóðfélaga síðar.

III. Aðild að sjóðnum

Aðild starfsgreina að sjóðnum

Núverandi ákvæði

- 3.1** Aðild að sjóðnum er öllum opin. Jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Tillaga að breytingu

- 3.1.** Aðild að sjóðnum er öllum opin. Jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna, tæknifræðinga og **verkfræðinga**.

Rökstuðningur

Lagt er til að starfsgrein verkfræðinga verði bætt við þá upptalningu starfsgreina sem eiga aðild að sjóðnum í 3.1. gr. samþykktu. Breytingin leiðir beint af fyrirhugaðri sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífswerks lífeyrissjóðs. Með því að tilgreina verkfræðinga sérstaklega í ákvæðinu er tryggt að sú starfsgrein, sem átti hefðbundna aðild að Lífswerki ásamt öðrum háskólamenntuðum sérfræðingum, njóti áfram sambærilegrar stöðu í sameinuðum sjóði.

Aðild starfsgreina að sjóðnum

Nýtt ákvæði

- 3.3** Nú berst iðgjald til sjóðsins og skal þá litið á það sem umsókn um aðild að sjóðnum. Greiðsla iðgjalds til sjóðsins telst fela í sér staðfestingu á því að sá sem öðlast réttindi í samtryggingarsjóði eða inneign í séreignarsjóði samkvæmt greiðslunni fallist á að hlíta samþykktum sjóðsins.

Rökstuðningur

Lagt er til að nýju ákvæði verði bætt við samþykktir sjóðsins sem kveður á um að greiðsla iðgjalds til sjóðsins teljist jafngilda umsókn um aðild. Ákvæðið á fyrirmynd í samþykktum Lífswerks lífeyrissjóðs og endurspeglar þá framkvæmd sem algeng er í starfsemi lífeyrissjóða þar sem iðgjöld berast ítrekað frá einstaklingum sem ekki hafa formlega gengið frá aðild með undirritun samnings eða umsókn.

Með þessu ákvæði er tryggt að réttarstaða þeirra sem greiða iðgjöld til sjóðsins sé skýr og að greiðslan feli í sér staðfesta aðild og skuldbindingu um að hlíta samþykktum sjóðsins. Þannig verður ljóst að sá sem öðlast réttindi í samtryggingarsjóði eða inneign í séreignarsjóði á grundvelli slíkrar greiðslu telst sjóðfélagi og fellur undir réttindi og skyldur samkvæmt samþykktum sjóðsins, líkt og ef um hefðbundna umsókn væri að ræða.

Ákvæðið kemur í veg fyrir óvissu, stuðlar að samræmdu verklagi eftir sameiningu, bæði gagnvart sjóðnum og sjóðfélögum, og tryggir að ekki þurfi að efast um gildissvið samþykktar gagnvart einstaklingum sem greiða iðgjöld án formlegrar inngöngu.

Við setningu nýrrar 3.3. gr. færist núverandi 3.3. gr. í númer 3.4 og 3.4. gr. verður 3.5. gr.

IV. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins, breytingar og viðbætur

Núverandi gr. 5.1.

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund. Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagsins.

Niðurstaða stjórnarkjörs ræðst af skilyrðum 1. og 2. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

Tillaga að breytingu á gr. 5.1.

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð **sjö** sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og **skal stjórnin að lágmarki skipuð þremur konum og þremur körlum að loknu hverju stjórnarkjöri.**

~~Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund. Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.~~

Stjórnarmenn skulu kosnir í rafrænum kosningum fyrir ársfund hvert ár. Tveir stjórnarmenn skulu kjörnir í stjórn sjóðsins ár hvert, en þriðja hvert ár skulu þeir stjórnarmenn kjörnir.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá báðir alla inneign sjóðfélagans. Ef kjósa á þrjá stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við þrjá frambjóðendur og fá þeir þá allir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs ræðst af skilyrðum 1. og 2. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

Nýtt bráðabirgðaákvæði í gr. 5.13.

5.13. Við gildistöku samruna Lífsverks lífeyrissjóðsins og Almenna lífeyrissjóðsins munu stjórnir lífeyrissjóðanna mynda stjórn sameinaðs sjóðs fram að ársfundi 2026.

Þrátt fyrir ákvæði gr. 5.1. skal fjöldi stjórnarmanna vera ellefu til ársfundar 2026. Á ársfundi 2026 skal fjöldi stjórnarmanna lækka í níu og á ársfundi 2027 skal stjórn sjóðsins skipuð sjö stjórnarmönnum, í samræmi við ákvæði gr. 5.1. eftir það. Ákvæði þetta fellur niður eftir ársfund sjóðsins 2027.

Rökstuðningur

Lagt er til að stjórn sameinaðs sjóðs verði til framtíðar skipuð sjö stjórnarmönnum. Jafnframt er lagt til að ekki verði kjörnir varamenn í stjórn eftir gildistöku samrunans. Núverandi varamenn munu gegna hlutverki sínu til loka núverandi kjörtímabils og fellur það skipulag þá niður, án þess að nýir varamenn verði kjörnir í þeirra stað.

Í ljósi þess að stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er nú skipuð sex einstaklingum og stjórn Lífsverks fimm, verður við sameiningu tímabundin fjölgun stjórnarmanna í ellefu. Til að tryggja jafnvægi og skýra yfirfærslu til nýs stjórnarfyriðkomulags er lagt til að tekið verði upp bráðabirgðafyriðkomulag í formi sólarlagsákvæðis í 5.13. gr. samþykkt. Þar kemur eftirfarandi fram:

- Frá gildistöku samrunans og fram að ársfundi 2026 skal stjórn skipuð ellefu stjórnarmönnum.*
- Á ársfundi 2026 skal stjórn fækka í níu stjórnarmenn.*
- Á ársfundi 2027 skal stjórn endanlega skipuð sjö stjórnarmönnum, í samræmi við ákvæði 5.1.*

Markmiðið með sólarlagsákvæðinu er að kveðið sé skýrt á um yfirfærslu til nýrrar stjórnar og hvað tekur við þegar kjörtímabili núverandi stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, lýkur.

Breytingar eru lagðar til á virkni meirihlutakosninga í stjórn sjóðsins. Þannig hefur sjóðurinn haft þá reglu að meirihlutakosningin nái til þess fjölda sæta sem eru í boði fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Þannig var hægt að viðhafa meirihlutakosningu fyrir hvort kyn þar sem stjórn var samansett af sex stjórnarmönnum, með þremur af hvoru kyni. Vegna tillögu um að framvegis verði stjórnarmenn oddatala þá gengur eldra fyrirkomulag ekki upp við aðstæður þegar óvíst er af hvoru kyni stjórnarsæti skuli skipað. Af þessari ástæðu er lagt til einfalda meirihlutakosningu um laus sæti til stjórnar og niðurstaða um kjör stjórnarmanna ráðist af því hver fékk flest atkvæðin, en þó að teknu tilliti til þess að stjórn skuli þannig samansett að tryggt sé að þrír stjórnarmanna verði konur og þrír karlar. Þannig geta aðilar færst upp um sæti, ef þeir sem á undan eru geta ekki tekið stjórnarsætið vegna krafna samþykktu og laga um tiltekin kynjahlutföll.

Núverandi gr. 5.10.

- 5.10. Verði stjórnarmaður vanhæfur til setu í stjórn og uppfyllir þar með ekki lengur skilyrði 5.2. gr. og 31. gr. laga nr. 129/1997 um hæfi stjórnarmanna, skal honum gert skylt að tilkynna það til stjórnar og segja starfa sínum lausum. Við þær aðstæður, og aðstæður skv. grein 5.9, skal varamaður af sama kyni taka sæti hans og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Í þeim tilvikum þar sem enginn varamaður er til að koma í stað stjórnarmanns er stjórn einungis skylt að efna til stjórnarkjörs ef stjórn er ekki ákvörðunarbær, eða hætta er á slíku. Stjórnarmaður skal þó kosinn í hið lausa stjórnarsæti eigi síðar en á næsta ársfundi. Verði sjóðurinn án ákvörðunarþærrar stjórnar skal stjórnarkjör fara fram eins fljótt og auðið er, og þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skulu formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við. Ef stjórnarkjör fer fram á grunni þessarar heimildar skal viðkomandi stjórnarmaður kosinn til sama kjörtíma og átti við um þann stjórnarmann sem gengur úr stjórn.

Tillaga að breytingu á gr. 5.10.

- 5.10. Verði stjórnarmaður vanhæfur til setu í stjórn og uppfyllir þar með ekki lengur skilyrði 5.2. gr. og 31. gr. laga nr. 129/1997 um hæfi stjórnarmanna, skal honum gert skylt að tilkynna það til stjórnar og segja starfa sínum lausum. Við þær aðstæður, og aðstæður skv. grein 5.9, ~~skal varamaður af sama kyni taka sæti hans og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Í þeim tilvikum þar sem enginn varamaður er til að koma í stað stjórnarmanns~~ er stjórn einungis skylt að efna til stjórnarkjörs ef stjórn er ekki ákvörðunarbær, eða hætta er á slíku. Stjórnarmaður skal þó kosinn í hið lausa stjórnarsæti eigi síðar en á næsta ársfundi. Verði sjóðurinn án ákvörðunarþærrar stjórnar skal stjórnarkjör fara fram eins fljótt og auðið er, og þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skulu formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við. Ef stjórnarkjör fer fram á grunni þessarar heimildar skal viðkomandi stjórnarmaður kosinn til sama kjörtíma og átti við um þann stjórnarmann sem gengur úr stjórn.

Rökstuðningur

Ákvæði 5.10. gr. í samþykktum Lífsverks lífeyrissjóðs fjallar um það hvernig bregðast skuli við þegar stjórnarmaður verður vanhæfur eða lætur af störfum á kjörtímabili. Núverandi ákvæði gerir ráð fyrir því að varamaður taki sæti stjórnarmanns, m.a. með sérstakri reglu um að varamaður skuli vera af sama kyni.

Við sameiningu Lífsverks lífeyrissjóðs og Almenna lífeyrissjóðsins verður sú breyting á stjórnskipan sjóðsins að ekki verða kjörnir varamenn til stjórnar. Því verður sú setning sem kveður á um að „skal varamaður af sama kyni taka sæti hans og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Í þeim tilvikum þar sem enginn varamaður er til að koma í stað stjórnarmanns“ úrelt og ónauðsynleg.

Í stað þess verður gengið út frá því að stjórn verði skipuð eingöngu kjörnum stjórnarmönnum og að nýtt stjórnarkjör fari fram ef nauðsyn krefur, sbr. ákvæði greinarinnar um að ef stjórn er ekki ákvörðunarbær eða hætta er á því, skuli efna til nýs stjórnarkjörs.

Með því að fella út þessa setningu er verið að laga samþykktir sjóðsins að þeirri stjórnskipan sem tekur gildi eftir sameininguna. Ákvæðið heldur eftir sem áður nauðsynlegri reglu um að stjórn skuli vera ákvörðunarbær og að ef stjórnarmenn falla frá eða verða vanhæfir, skuli kosnir nýir stjórnarmenn á næsta ársfundi eða fyrr ef nauðsyn krefur.

V. Atkvæðisréttur sjóðfélaga

Núverandi ákvæði í grein 8.2.

- 8.2 Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 132.782.405 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 634,7 stig í janúar 2025.

Tillaga að breytingu

- 8.2 Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. ~~Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 132.782.405 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 634,7 stig í janúar 2025.~~

Rökstuðningur

Lagt er til að síðasti málslíður 8.2. gr. samþykktu verði felldur brott, en í honum hefur fram til þessa verið kveðið á um hámark á atkvæðisrétt hvers sjóðfélaga á ársfundum og sjóðfélagafundum. Með breytingunni verður atkvæðisréttur sjóðfélaga alfarið reiknaður út frá inneign í séreignarsjóði og hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði, miðað við stöðu réttinda og eigna næstliðin áramót, án þess að sett sé þak á atkvæðavægi einstakra sjóðfélaga. Áhrif breytinganna eru álitin lítil eða hverfandi. Hins vegar stuðlar breytingin að einfaldari framkvæmd kosninga bæði í stjórnarkjöri og í málefna-kosningum.

Nýtt bráðabirgðaákvæði í gr. 8.6

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 8.2 um að atkvæðisréttur sjóðfélaga miðist við næstliðin áramót eiga sjóðfélagar Lífsverks, sem eiga réttindi og inneign sem flyst til Almenna lífeyrissjóðsins 1. janúar 2026 eða síðar, atkvæðisrétt með sama hætti og ef réttindin og inneign hefðu verið flutt fyrir áramótin. Grein þessi hefur engan tilgang eftir 1. janúar 2027 og verður því felld úr samþykktum það ár.

Rökstuðningur

Rétt þykir að taka af allan vafa að sjóðfélagar Lífsverks eigi sama atkvæðisrétt og sjóðfélagar Almenna, jafnvel þó réttindi eða inneign verði ekki flutt fyrr en eftir áramótin 2025/2026.

VI. Flutt réttindi sjóðfélaga Lífsverks

Um flutt réttindi sjóðfélaga Lífsverks

Nýtt ákvæði í grein 25.7

25.7.

Sjóðfélagar sem áttu áunnin réttindi í Lífsverki lífeyrissjóði 31. desember 2025 í samræmi við samþykktir þeirra eins og þær voru fyrir sameiningu eiga eftir flutninginn eftirfarandi flutt réttindi í sameinuðum samtryggingarsjóði:

Ellilífeyrisréttindi:

Ellilífeyrisréttindi frá 67 ára aldri sem svara til áunninna ellilífeyrisréttinda frá Lífsverki lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrisréttindi:

Örorkulífeyrisréttindi til 67 ára aldurs sem svara til áunninna örorkulífeyrisréttinda frá Lífsverki lífeyrissjóði.

Makalífeyrisréttindi

Réttur til fluttra makalífeyrisréttinda fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjúskap að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið.

Tímabundin makalífeyrisréttindi:

Makalífeyrisréttindi sem nemur 60% af áunnum elli- og örorkulífeyrisréttindum í Lífsverki lífeyrissjóði greiðist að lágmarki í 60 mánuði eftir andlát sjóðfélaga.

Ævilangur makalífeyrir:

Áunnin makalífeyrisréttindi sem mynduðust fyrir 1. janúar 2007 hjá Lífsverki lífeyrissjóði virkjast aftur eftir 67 ára aldur við tiltekin skilyrði í samræmi við samþykktir Lífsverks lífeyrissjóðs.

Barnalífeyrir

Barnalífeyrisréttindi sem svara til barnalífeyrisréttinda hjá Lífsverki lífeyrissjóði þar til barnalífeyrisréttur stofnast hjá sameinuðum lífeyrissjóði eða hefur fallið niður samkvæmt samþykktum Lífsverks lífeyrissjóðs.

Lífeyrisréttindi færð í séreign

Sjóðfélagar Lífsverks lífeyrissjóðs geta á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 óskað eftir því að 15% af áunnum ellilífeyrisréttindum sem flytjast yfir í sameinaðan lífeyrissjóð verði varið til að mynda inneign í séreignarsjóði. Umbreytingin fer fram miðað við stöðu fluttra ellilífeyrisréttinda í lok tímabilsins. Ákvæði þetta á ekki við um lífeyrisþega.

Rökstuðningur

Í tengslum við sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs er nauðsynlegt að kveða skýrt á um hvernig meðhöndla skuli réttindi sjóðfélaga Lífsverks sem áttu áunnin lífeyrisréttindi við gildistöku samrunans. Í því skyni er lagt til að nýtt ákvæði verði fært inn í samþykktir sameinaðs sjóðs þar sem nánar er tilgreint hvernig réttindi þeirra sjóðfélaga flytjast og hver verði réttindastaða þeirra í samtryggingarsjóði eftir sameiningu.

Ákvæðið tryggir að:

- **Flutt áunnin ellilífeyrisréttindi** verði flutt yfir í samtryggingarsjóð í samræmi við þau réttindi sem viðkomandi hafði áunnið í Lífsverki.
- **Flutt örorkulífeyrisréttindi** haldist til 67 ára aldurs og byggist áfram á upprunalegum áunnum réttindum frá Lífsverki.
- **Flutt áunnin makalífeyrisréttindi** geta myndað tímabundin og ótímabundin réttindi. Áunni hluti réttindanna flyst yfir og fylgir reglum sem giltu í Lífsverki að teknu tilliti til réttinda sem falla niður við hjúskap eða sambúð.
- **Barnalífeyrisréttindi** haldast í samræmi við gildandi réttindi hjá Lífsverki þar til nýr réttur stofnast hjá sameinuðum sjóði eða núverandi réttur fellur niður.

Markmið þessa ákvæðis er að tryggja óbreytt áunnin réttindi sjóðfélaga Lífsverks við yfirfærslu í sameinaðan sjóð og að koma í veg fyrir að skerðing verði á áunnum réttindum vegna sameiningarinnar. Með þessu er jafnframt gætt að ákvæðum 48. gr. laga nr. 129/1997, þar sem kveðið er á um að réttindi sjóðfélaga megi ekki skerðast við samruna lífeyrissjóða.

Það skal áréttað að á ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins 2026 kann stjórn að leggja fram tillögu um lækkun eða hækkun réttinda á grundvelli tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins, en einnig til aðlögunar réttinda skv. gr. 3.7 í samrunasamningi. Slík aðgerð hefði áhrif til hækkunar eða lækkunar réttinda sem voru til staðar í Almenna 31.12.2025. Það sama á við um stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs sem kann að leggja fram tillögu um breytingu á réttindum sjóðfélaga sinna þann 31.12.2025.

Réttindi færð í séreign

Til viðbótar er heimildarákvæði sem felur í sér að sjóðfélögum Lífsverks lífeyrissjóðs er heimilað að umbreyta hluta áunninna ellilífeyrisréttinda sinna í séreign til 30. júní 2026. Ástæða þess að heimilt er að flytja hluta réttinda sinna yfir í séreign er að við sameiningu verður viðmiðunaraldur ellilífeyris sjóðfélaga Lífsverks hækkaður úr 67 árum í 70 ár. Framreikningsaldur örorkulífeyris verður áfram 65 ár og örorkulífeyrir greiddur til 67 ára aldurs og óbreyttur ellilífeyrir tekur þá við. Þetta gefur svigrúm til þess að sjóðfélagar sem ekki eru komnir á lífeyri geti fært 15% af áunnum ellilífeyrisréttindum sínum yfir í séreign. Búin verður til reiknivél þar sem sjóðfélagar geta reiknað hvaða áhrif slík tilfærsla hefði á réttindin.

VII. Sameining og flutningar á milli ávöxtunarleiða

Um flutning séreignarsparnaðar

Tillaga að nýrri gr. 25.8

Við samruna munu ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs Lífsverks sameinast leiðum í séreignarsjóði sameinaðs sjóðs á eftirfarandi hátt:

- **Lífsverk 1** sameinast **Ævisafni II**
- **Lífsverk 2** sameinast **Ævisafni III**
- **Lífsverk 3** sameinast **Skuldabréfasafni**

Fjárfestingarstefna viðkomandi leiða mun taka breytingum og verður sú breyting kynnt sjóðfélögum sérstaklega. Sjóðfélögum og rétthöfum verður heimilt að færa inneign sína að hluta eða í heild án kostnaðar á milli annarra ávöxtunarleiða í sameinuðum lífeyrissjóði allt til 30. júní 2026.

Rökstuðningur

Með sameiningu sjóðanna verður fjárfestingarleiðum fækkað með þeim hætti að tiltekna ávöxtunarleiðir Lífsverks renna inn í aðrar tiltekna ávöxtunarleiðir Almenna. Undirliggjandi eignir sameinaðra ávöxtunarleiða munu taka breytingum við sameininguna og viðbúið að ávöxtunarleiðir víki frá fyrri fjárfestingarstefnu að einhverju marki. Sjóðfélagar og rétthafar sem verða fyrir áhrifum munu geta valið um flutning í aðrar leiðir og verður heimilt að framkvæmda slíka flutninga án kostnaðar til 30. júní 2026. Breytingar þessar verða kynntar sjóðfélögum sérstaklega og eru sjóðfélagar hvattir til að kynna sér þær ávöxtunarleiðir sem í boði verða hjá sameinuðum lífeyrissjóði.

VIII. Nýjar iðgjaldatöflur

Nýjar iðgjaldatöflur sameinaðs sjóðs

Núverandi ákvæði 6. kafla

Iðgjaldatöflur í kafla þessum gilda frá og með 1. apríl 2022 (launatímabil) samkvæmt ákvörðun stjórnar á fundi hennar 14. mars 2022. Töflur voru kynntar á ársfundi sjóðsins 31. mars 2022.

Tafla 1

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem honum ber að veita samkvæmt 4. gr. laga númer 129/1997 fyrir greiðslu lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs samkvæmt 2. gr. sömu laga. Útreikningur á lágmarkstryggingavernd miðast við að iðgjald sé greitt í 40 ár.

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar8,5% af iðgjaldsstofni
Lágmarkstryggingavernd miðast að innborganir hefjist við 22 ára aldur

Tafla 2: Árleg réttindi frá 70 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	3.314	26	2.443	36	1.831	46	1.382	56	1.035	66	770
17	3.215	27	2.371	37	1.780	47	1.343	57	1.006	67	745
18	3.117	28	2.301	38	1.733	48	1.305	58	977	68	721
19	3.023	29	2.235	39	1.685	49	1.267	59	950	69	697
20	2.932	30	2.170	40	1.640	50	1.231	60	923		
21	2.845	31	2.107	41	1.595	51	1.196	61	896		
22	2.759	32	2.048	42	1.550	52	1.161	62	871		
23	2.677	33	1.991	43	1.507	53	1.129	63	845		
24	2.596	34	1.935	44	1.465	54	1.097	64	819		
25	2.518	35	1.882	45	1.423	55	1.065	65	795		

Tafla 3: Lækkun/hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir/eftir 70 ára aldur

Aldur	Margfeldis- stuðull	Prósentu- breyting	Breyting per mán	Aldur	Margfeldis- stuðull	Prósentu- breyting	Breyting per mán
60	0,524	-47,6%	-0,26%	71	1,079	7,9%	0,66%
61	0,555	-44,5%	-0,28%	72	1,167	16,7%	0,73%
62	0,589	-41,1%	-0,30%	73	1,265	26,5%	0,82%
63	0,625	-37,5%	-0,33%	74	1,377	37,7%	0,93%
64	0,664	-33,6%	-0,36%	75	1,503	50,3%	1,05%
65	0,707	-29,3%	-0,40%	76	1,647	64,7%	1,20%
66	0,755	-24,5%	-0,44%	77	1,812	81,2%	1,38%
67	0,808	-19,2%	-0,48%	78	2,003	100,3%	1,59%
68	0,865	-13,5%	-0,53%	79	2,226	122,6%	1,85%
69	0,929	-7,1%	-0,59%	80	2,487	148,7%	2,18%
70	1,000						

Tillaga að breytingu á ákvæði 6. kafla

Iðgjaldatöflur í kafla þessum gilda frá og með **1. janúar 2026** (launatímabil) samkvæmt ákvörðun stjórnar. Töflur voru kynntar á sjóðfélagafundi sjóðsins **11. nóvember 2025**.

Tafla 1: Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar

Iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem honum ber að veita samkvæmt 4. gr. laga númer 129/1997 fyrir greiðslu lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs samkvæmt 2. gr. sömu laga. Útreikningur á lágmarkstryggingavernd miðast við að iðgjald sé greitt í 40 ár.

Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar 8,5% af iðgjaldsstofni
Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborganir hefjist við 22 ára aldur

Tafla 2: Árleg réttindi frá 70 ára aldri fyrir hvert 10.000 kr. iðgjald

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	3.370	27	2.417	38	1.749	49	1.274	60	937
17	3.268	28	2.345	39	1.700	50	1.238	61	912
18	3.169	29	2.277	40	1.651	51	1.203	62	887
19	3.074	30	2.210	41	1.604	52	1.170	63	863
20	2.982	31	2.146	42	1.558	53	1.137	64	840
21	2.893	32	2.084	43	1.514	54	1.106	65	816
22	2.807	33	2.024	44	1.471	55	1.075	66	793
23	2.724	34	1.965	45	1.429	56	1.046	67	771
24	2.644	35	1.909	46	1.388	57	1.018	68	748
25	2.566	36	1.854	47	1.349	58	990	69	725
26	2.490	37	1.801	48	1.311	59	963		

Tafla 3: Lækkun/hækkun ellilífeyris þegar taka hefst fyrir/eftir 70 ára aldur

Taka elli- lífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun	Taka elli- lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
69-70 ára	0,59%	69	7,10%	70-71 árs	0,66%	71	7,96%
68-69 ára	0,53%	68	13,46%	71-72 ára	0,75%	72	16,92%
67-68 ára	0,48%	67	19,18%	72-73 ára	0,85%	73	27,06%
66-67 ára	0,43%	66	24,35%	73-74 ára	0,96%	74	38,60%
65-66 ára	0,39%	65	29,05%	74-75 ára	1,10%	75	51,82%
64-65 ára	0,36%	64	33,31%	75-76 ára	1,27%	76	67,05%
63-64 ára	0,32%	63	37,20%	76-77 ára	1,47%	77	84,72%
62-63 ára	0,30%	62	40,75%	77-78 ára	1,72%	78	105,39%
61-62 ára	0,28%	61	44,10%	78-79 ára	2,03%	79	129,76%
60-61 árs	0,25%	60	47,12%	79-80 ára	2,41%	80	158,73%

Rökstuðningur

Við sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs er nauðsynlegt að taka upp nýjar iðgjalda- og réttindatöflur. Markmiðið er að tryggja að starfsemi hins sameinaða sjóðs byggist á samræmdum og raunhæfum tryggingafræðilegum forsendum sem endurspeglar breytta samsetningu sjóðfélagahópsins, eignasafnsins og framtíðarskuldbindinga. Með sameiningunni er jafnframt stefnt að lækkun rekstrarkostnaðar og tekur ný réttindatafla mið af því.